



ISAVIA OG AKUREYRARBÆR SKIPULAGSSVIÐ

Akureyrarflugvöllur heildarendurskoðun á deiliskipulagi

GREINARGERÐ
MEÐ DEILISKIPULAGI
TILLAGA

4.júlí 2023


■ GÍLLI arkitekt

EFNISYFIRLIT

0.	3
1.	FORMÁLI.....	4
2.	AÐDRAGANDI.....	4
3.	FORSENDUR	4
3.1	Eignarhald	4
3.2	Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030	4
3.3	Umhverfið	5
3.4	Náttúruminjar.....	5
3.5	Landfyllingar.....	5
3.6	Umhverfismat	5
4.	SKIPULAGSSVÆÐIÐ.....	6
4.1	Afmörkun svæðisins.....	6
4.2	Götur og húsnúmer.....	6
4.3	Flugbrautir og umferð flugvéla.....	6
4.4	Flughlað	7
4.5	Bílastæði	7
4.6	Gangbrautir/gangstéttir	7
4.7	Brunná	7
4.8	Reiðstígur/göngustígur.....	8
4.9	Girðingar	8
5.	SKIPULAGSSKILMÁLAR	8
5.1	Flugstöðvarvegur 1 Flugstöð	8
5.2	Miðgrund 2 Flugskýli	8
5.3	Miðgrund 4 Spennistöð ofl.	9
5.4	Miðgrund 6 Véla- og tækjageymsla.....	9
5.5	Miðgrund 8 Slökkvistöð	9
5.6	Miðgrund 10 Flugskýli/Flugskóli.....	9
5.7	Miðgrund 12 Flugskýli	9
5.8	Miðgrund 14 ný lóð fyrir Flugskýli	9
5.9	Miðgrund 16 ný lóð fyrir Flugskýli	9
5.10	Miðgrund 1 ný lóð fyrir Flugskýli	10
5.11	Miðgrund 3 Flugskýli.....	10
5.12	Miðgrund 5 Flugskýli.....	10
5.13	Miðgrund 7 Flugskýli.....	10
5.14	Miðgrund 9 ný lóð fyrir Flugskýli	10
5.15	Suðurgrund 1 Flugskýli	10
5.16	Suðurgrund 3 Flugsafn	10
5.17	Suðurgrund 5 Flugskýli	11
5.18	Norðurgrund 2 Bensín- og olíugeymslur	11
5.19	Norðurgrund 4 lóð fyrir stórt Flugskýli.....	11
5.20	Norðurgrund 6 lóð fyrir stórt Flugskýli.....	11
5.21	Norðurgrund 8 lóð fyrir stórt Flugskýli.....	12
5.22	Norðurgrund 10 lóð fyrir Olíuskiljur.....	12
5.23	Rotþró	12
5.24	Hreinsistöð	12
5.25	Aðflugsvítar og radarhús	12
5.26	Hitaveita, vatn og rafmagn.....	13
5.27	Sorpgeymslur og sorpgámar.....	13

5.28	Breytingar	13
6.	ÖNNUR ÁKVÆÐI	15
6.1	Mæliblað	15
6.2	Teikningar	15
7.	MÁLSMEDFERÐ DEILSKIPULAGS	15
7.1	Samráð við gerð deiliskipulags	15
7.2	Auglýsing og samþykkt deiliskipulags	15

0.



Deiliskipulagið mkv. 1:4000

1. Formáli

Isavia hefur óskað eftir því að gerðar verði breytingar á deiliskipulagi Akureyrarflugvallar og að samfara því fari fram heildarendurskoðun á deiliskipulaginu. Gerðar verði breytingar sem eru í samræmi við núverandi þarfir Isavia um rekstur flugvallar og rekstur annarrar flugtengdrar starfsemi ótengdra aðila á flugvallarsvæðinu.

Þegar breyting er gerð á samþykktu deiliskipulagi skv. 1.mgr. 43.gr. Skipulagslaga skal fara um breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða. Þó er ekki skylt að taka saman lýsingu skv.1. mgr. 40. gr. vegna breytingar á deiliskipulagi.

Vegna stærðar skipulagssvæðisins verður á uppdrætti sýndur heildaruppdráttur í mkv. 1:5000 og helstu framkvæmdasvæði í mkv. 1:2000.

Umsjónaraðili deiliskipulagsvinnunar er Isavia ohf.

2. Aðdragandi

Í gildi er deiliskipulag fyrir Akureyrarflugvöll samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 6. september 2005 og fellur það úr gildi við samþykki þessa deiliskipulags.

Síðan gildandi deiliskipulag var unnið hafa verið á því gerðar ýmsar mismunandi breytingartillögur sem hlotið hafa samþykki.

Frá því að gildandi deiliskipulag var unnið 2005 hefur meginhluti þeirra ákvarðana sem þar voru teknar verið framkvæmdar, og á það einnig við um allar þær deiliskipulagsbreytingar sem síðar hafa verið gerðar.

Um er að ræða lengingu flugbrautar og frágang við flugbrautina alla. Flugsafn hefur verið reist, flugskýli og geymsluhúsnæði.

Ný viðbygging er í byggingu norðan og vestan núverandi flugstöðvarbyggingar.

3. Forsendur

3.1 Eignarhald

Lóðin er eignarlóð Ríkissjóðs Íslands en Isavia ohf er umráðandi á meðan lóðin er nýtt til flugrekstrar sbr. afsal dags. 18. janúar 1952. Lóðin er skráð sem ein lóð en með nýju deiliskipulagi verða innan flugvallarsvæðis 19 aðskildar lóðir. Allt svæðið er innan bæjarmarka Akureyrar. Aðflugsljós sunnan flugbrautar eru í landi Hvamms sem tilheyrir Eyjafjarðarsveit.

3.2 Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030

Um Akureyrarflugvöll segir í Aðalskipulagi:

Samgöngur til bæjarins og frá honum, hvort heldur er á landi, í lofti eða á sjó, verði greiðar, samþættar og öruggar. Akureyrarflugvöllur verði eflur sem miðstöð flugsamgangna á Norðurlandi og geti áfram þjónað sem millilandaflugvöllur og varaflugvöllur fyrir alþjóðaflugvöllinn í Keflavík. Til að tryggja flugöryggi verði engar raflínur eða aðrar hindranir í aðflugsstefnu hans.

Útfærsla samgöngukerfisins verði unnin í nánú samstarfi við Vegagerðina, Isavia og hafnaryfirvöld, með skilvirkni, samþættingu ólíkra samgöngumáta og öryggi þessara kerfa að leiðarljósi.+

Samhliða nýju deiliskipulagi er gerð breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2018 . 2030. Lóð fyrir slökkvistöð vestan flugbrautar á móts við Miðhúsabraut er felld út og aðalskipulagsbreyting auglýst samhliða deiliskipulagsbreytingu.

3.3 Umhverfið

Akureyrarflugvöllur er staðsettur á leirunum við ósa Eyjafjarðará. Hann stendur á uppfyllingu sem gerð var á sínum tíma gagnert vegna flugstarfseminnar.

Sunnan og austan við flugbrautina er hólmasvæði sem eru grónar grundir með lágvöxnum viðjugróðri.

Hlutar svæðisins innan deiliskipuagsmarka eru mýrar og falla um síki sem safna vatni og veita annað hvort norður með flugvallarsvæðinu að vestan eða suður og austur fyrir flugbrautina og í Eyjafjarðará. Austan við flugbrautina er vesturkvísl Eyjafjarðará sem er vatnsmesti hluti hennar.

3.4 Náttúruminjar

Óshólmar Eyjafjarðará ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Staðareyjar eru á náttúruminjaskrá. Um einkenni svæðisins segir þar: %Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar+ Óshólmasvæðið er einnig skilgreint sem verndarsvæði í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030. Samkvæmt fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands og Minjasafnsins á Akureyri frá 1996 er ekki um neinar fornleifar að ræða á skipulagssvæðinu.

3.5 Landfyllingar

Í greinargerð með gildandi deiliskipulagi er gerð góð grein fyrir landfyllingum.

Síðar hafa verið gerðar töluverðar landfyllingar á svæðinu í tengslum við auknar kröfur um öryggi við enda flugbrauta. Einnig hefur verið aukið við landfyllingu vegna flughlaðs.

Í nóvember 2007 var gerð skýrsla *Tilkynning um framkvæmdir til skipulagsstofnunar* Skýrslan er unnin vegna framkvæmda við lengingu flugbrautar, gerð öryggissvæða og gerð flughlaðs. Skýrslan er í meginráttum í fullu samræmi við deiliskipulag frá 2005.

Eftir þetta var bætt við óverulegum landfyllingum fyrir aðflugsvita við Leiruveg (um 1.100 m²) og fyrir stækkun landfyllingar norðan flughlaðs (um 2.400 m²).

Samkvæmt þessari deiliskipulagstillögu sem hér er gerð bætist við óveruleg landfylling vestan flughlaðs, undir lóðir fyrir stór flugskýli, aðkomuveg og lóð fyrir olíuskiljur (um 7.200 m²).

3.6 Umhverfismat

Deiliskipulag Akureyrarflugvallar fellur undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana (105/2006). Breytingar þær á mannvirkjum flugvallarins sem breyting á

gildandi deiliskipulagi gerir ráð fyrir eru ekki taldar hafa teljandi áhrif á umhverfið. Lengd landfyllingar vegna flugbrautar er óbreytt frá gildandi deiliskipulagi. Landfyllingar ná 150m umfram lengd flugbrautar í hvorn enda. Þessir 150 m er ekki eiginleg flugbraut heldur öryggissvæði sem er tilkomið vegna hertra alþjóðlegra reglna.

Lenging samkvæmt gildandi deiliskipulagi hefur þegar verið framkvæmd og um þá framkvæmd var gerð skýrsla um umhverfismat framkvæmda. Lengingin hefur ekki í för með sér aukna flugumferð né umferð stærri flugvéla. Mengun af völdum flugumferðar er því óbreytt frá gildandi deiliskipulagi. 1.100 m² landfylling sunnan við Leiruveg er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfið. Þessi landfylling hefur þegar verið framkvæmd og um þá framkvæmd gerð skýrsla um umhverfismat framkvæmda.

4. Skipulagssvæðið

4.1 Afmörkun svæðisins

Deiliskipuladssvæðið er afmarkað á aðalskipulagsupprætti sem flugvallarsvæði og náttúruverndarsvæði. Lóð flugvallarsvæðisins er skilgreind í þinglýstu afsali dags 18.01.1952 og er Flugmálastjórn Íslands umráðandi hennar. Í aðalskipulagi hafa vestur-og norðurmörk hennar verið aðlöguð annars vegar Eyjafjarðarbraut og hins vegar Leiruvegi.

Allt skipulagssvæðið er 172,5 ha. að stærð og afmarkast af þjóðvegi til norðurs og vesturs og Eyjafjarðará í austur. Suðurmörk skipulagssvæðisins liggja við sveitarfélagsmörk milli Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar rétt sunnan við öryggissvæði flugbrautar.

4.2 Götur og húsnúmer

Á deiliskipulagssvæðinu eru 5 götur og í nýju deiliskipulagi er gerð tillaga að götunöfnum og húsnúmerum. Flugstöðvarvegur liggur frá Eyjafjarðarbraut að flugstöð og Grundarvegur að flugskýlum og Flugsafni. Suðurgund liggur til suðurs frá Grundarvegi og Miðgrund til norðurs innan girðingar að flugskýlum. Norðurgund liggur til norðurs frá Flugstöðvarvegi að stórum flugskýlum vestan flughlaðs.

4.3 Flugbrautir og umferð flugvéla

Heildarlengd landfyllinga fyrir flugbrautarsvæði er 2.700 m. Sjálf flugbrautin er óbreytt frá gildandi deiliskipulagi 2.400 m að lengd. Aukin fylling við suður og norðurenda hennar er tilkomin vegna hertra reglna um öryggissvæði við enda flugbrauta. Breidd flugbrautar er 45 m. Við breidd flugbrautar bætist aukasvæði sem nemur 7,5 m hvoru megin. Heildarbreidd er því 60 m. Öryggissvæði sem þarf að vera við flugbrautina nær 150 m út frá miðlínu hennar í báðar áttir.

Greiðfær akstursleið flugvéla er að flugskýlum á suðursvæði ásamt svæði þar sem vélar geta staðið utan umferðarleiða. Akstursleið þessi er að litlum hluta til innan öryggislínu flugbrautar.

Tvær tengingar eru af flugbraut inn á flughlað. Nyrðri tenging er ætluð fyrir stærri vélar í millilandaflugi en hin er ætluð fyrir vélar í innanlandsflugi og fyrir minni vélar sem koma að og frá flugskýlum á suðursvæði.

4.4 Flughlað

Flughlað er um 32.000 m² malbikað svæði framan við flugstöðvarbygginguna sem teygir sig norður að lóð fyrir olíuskilju. Á flughlaði geta flugvélar staðið til lengri eða skemmri tíma utan öryggissvæðis flugbrautar.

Flughlað skal þannig útbúið að ekki skapist hætta vegna tilfallandi mengunar af völdum t.d. bensíns eða olíu. Við útfærslu á flughlaði skal fylgja kröfum heilbrigðiseftirlits og þeim reglum sem kunna að gilda um þessar aðstæður.

4.5 Bílastæði

Um bílastæðapörf á skipulagssvæðinu er erfitt að áætla því hér er um að ræða mjög sérstaka starfsemi.

Í gildandi deiliskipulagi voru skipulögð 335 bílastæði vegna flugstöðvar og gert var ráð fyrir einu bílastæði á hverja 150 m² vegna flugskýla og einu bílastæði á hverja 35 m² fyrir Flugsafn.

Í nýju deiliskipulagi eru skipulögð 370 bílastæði framan við flugstöðvarbyggingar þar af 8 bílastæði fyrir hreyfihamlaða og 33 stæði við hleðslustöð.

Stæðin eru ætluð fyrir flugfarþega, leigubíla, bílaleigur og starfsfólk. Auk þess er gert ráð fyrir að rútur, stærri fólksflutningabílar og leigubílar geti stöðvað í skemmri tíma við flugstöðina. (Skila af sér/sækja farþega). Bílastæði fatlaðra eru sýnd á uppdrætti. Snjóbræðslukerfi skal vera í gönguleið frá bílastæðum fatlaðra að inngöngum í flugstöð.

Á suðurhluta flugvallarsvæðis eru flugskýli og Flugsafn. (heildarflararmál allt að 19.000 m²). Þar verða samtals 140 bílastæði. Á syðstu lóð deiliskipulagsins eru skipulögð 24 bílastæði.

Á norðurhluta flugvallarsvæðis eru 3 lóðir fyrir stór flugskýli (heildarflararmál allt að 12.700 m²). Fjöldi bílastæða innan lóða er 62.

4.6 Gangbrautir/gangstéttir

Gangbraut/gangstétt sem tengist við göngustígakerfi Akureyrarbæjar liggur meðfram aðkomuleið inn á flugstöðvarsvæðið og meðfram hringakstri framan við innganga í eldri flugstöðvarbyggingu. Framhald gangbrautar liggur meðfram inngöngum í nýbyggingu fyrir utanlandsflug og þaðan gegnum bílastæðasvæði á brú yfir sýki og tengist á ný inná göngustígakerfi Akureyrarbæjar.

Gangbraut liggur frá Flugstöðvarvegi til norðurs að lóðum fyrir stór flugskýli og til suðurs að lóðum fyrir minni flugskýli. Auk þessa eru fleiri styttri gangstéttir inni á bílastæðasvæði framan við flugstöð.

4.7 Brunná

Brunná er lögð í skurði þar sem hún kemur undan Eyjafjarðarbraut suður fyrir flugvallarsvæði og út í Eyjafjarðará. Skurðurinn skal vera a.m.k. 3 m að breidd í botninn og flái frá botni skal vera að lágmarki 1:7 og hæð frá botni upp á bakka minnst 2 m. Tilkynnt var um framkvæmd við nýjan farveg Brunnár í skýrslu Flugstoða frá nóvember 2007.

4.8 Reiðstígur/göngustígur

Göngustígur liggur frá bílaplani við Eyjafjarðarbraut til suðurs og sameinast þar reiðstíg sem er framhald reiðstígs vestan Eyjafjarðarbrautar frá Kjarnaskógi. Sameinaður reiðstígur/göngustígur liggur samsíða Brunná suður fyrir flugbraut og austur að nýrri brú yfir vesturkvísl Eyjafjarðarár.

4.9 Girðingar

Athafnasvæði flugumferðar skal af öryggisástæðum vera girt af. Hæð og gerð girðingar skal vera í samræmi við kröfur sem yfirstjórn flugmála fylgir.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að byggingar og vatn komi að einhverju leyti í stað girðinga. Girðing milli húsa skal tengjast byggingum og vera í 0,5 m fjarlægð frá úthorni. Girðing skal ávalt vera áföst byggingu þannig að um fulla lokun sé að ræða. Þar sem vatn tekur við af girðingu skal girðing ganga 3 m út í vatnið. Þar sem mjög djúpt er má þessi lengd vera styttri.

Á girðingum skulu vera læst hlið og skal fjöldi þeirra vera samkvæmt ákvörðun stjórnar flugmála.

Staðsetning girðingar er sýnd á uppdrætti og er hún almennt kvöð á lóðum innan flugvallarsvæðis. Þar sem girðing liggur vestan og sunnan öryggissvæðis flugvallar hefur hún í nýju deiliskipulagi verið færð upp á vegaxlir göngustígs meðfram Eyjafjarðarbraut og reiðstígs/göngustígs sem liggur að nýrri brú yfir vesturkvísl Eyjafjarðarár.

5. Skipulagsskilmálar

5.1 Flugstöðvarvegur 1 Flugstöð

Flugstöð stendur við Flugstöðvarveg á óskiptum hluta lóðar Isavia af flugvallarsvæði. Hefur enga nærlóð. Mesta hæð núverandi byggingar er 5,8 m, flugturn 11,9 m. Mesta hæð viðbyggingar er 6,5 m.

Byggingin er samsett úr þremur byggingum frá þremur mismunandi tímasteiðum. Miðhluti byggingar var byggður árið 1967, suðurhluti 1994 og viðbygging norðan við til vesturs er í byggingu 2023.

Heimilt er að byggja við Flugstöð eins og byggingarreitir sýna á uppdrætti. Stærð byggingarreits að sunnan er 563 m² og 1000 m² að vestan. Viðbygging skal taka mið af aðliggjandi byggingum hvað varðar form og umfang. Mesta hæð viðbyggingar má ekki vera meiri en hámarkshæð aðliggjandi byggingar.

5.2 Miðgrund 2 Flugskýli

Á lóðinni er flugskýli stærð 1231 m², mesta hæð 12,5 m. Stærð lóðar er 2811 m². Heimilt er að byggja við flugskýli eins og byggingarreitir sýnir á uppdrætti. Stærð byggingarreits er 960,7 m². Nýtingarhlutfall 0,78. Viðbyggingin skal taka mið af núverandi byggingu hvað varðar form og umfang. Mesta hæð viðbyggingar má ekki vera meiri en hámarkshæð núverandi byggingar. Girðing er á lóðamörkum að sunnan og tengist í byggingu á þeirri lóð.

5.3 Miðgrund 4 Spennistöð ofl.

Bygging sem hýsir sandgeymslu spennistöð og varaafsstöð stendur við Miðgrund 4 á óskiptum hluta lóðar Isavia af flugvallarsvæði. Hefur enga nærlóð, mesta hæð byggingar 4,0 m. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í nýju deiliskipulagi.

5.4 Miðgrund 6 Véla- og tækjageymsla

Bygging sem hýsir véla- og tækjageymsl stendur við Miðgrund 6 á óskiptum hluta lóðar Isavia af flugvallarsvæði. Hefur enga nærlóð, mesta hæð núverandi byggingar 6,0 m. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í nýju deiliskipulagi.

5.5 Miðgrund 8 Slökkvistöð

Bygging sem hýsir Slökkvistöð stendur við Miðgrund 8 á óskiptum hluta lóðar Isavia af flugvallar-svæði. Hefur enga nærlóð, mesta hæð núverandi byggingar 5,8 m. Heimilt er að byggja við slökkvistöð eins og byggingarreitur sýnir á uppdrætti. Stærð byggingarreits er 458,5 m² Viðbyggingin skal taka mið af núverandi byggingu. Mesta hæð viðbyggingar má ekki vera meiri en hámarkshæð núverandi byggingar.

5.6 Miðgrund 10 Flugskýli/Flugskóli

Á lóðinni er flugskýli og flugskóli 1176,5 m², mesta hæð 9,0 m. Lóðin er sameiginleg með Miðgrund 12 2250m². Heimilt er að byggja milli flugskýla á lóðinni eins og byggingarreitur sýnir á uppdrætti. Stærð byggingarreits er 152,0 m². Mesta hæð viðbyggingar má ekki vera meiri en hámarkshæð núverandi byggingar. Girðing milli húsa skal tengjast byggingum og vera í amk. 0,5 m fjarlægð frá úthorni.

5.7 Miðgrund 12 Flugskýli

Á lóðinni er flugskýli og skrifstofur 531,7, mesta hæð 9,0 m. Lóðin er sameiginleg með Miðgrund 10 2250m². Heimilt er að byggja milli flugskýla á lóðinni eins og byggingarreitur sýnir á uppdrætti. Stærð byggingarreits er 152,0 m². Mesta hæð viðbyggingar má ekki vera meiri en hámarkshæð núverandi byggingar. Girðing milli húsa skal tengjast byggingum og vera í amk. 0,5 m fjarlægð frá úthorni.

5.8 Miðgrund 14 ný lóð fyrir Flugskýli

Á lóðinni er heimilt að byggja flugskýli eins og byggingarreitur sýnir á uppdrætti. Stærð lóðar er 905,4 m² og nýtingarhlutfall 0,45. Byggingarreitur 12 x 34,8 m. Mesta hæð byggingar skal ekki vera meiri en 5,0 m frá gólfi 1. hæðar.

Aðkoma að lóðinni er innan öryggissvæðis flugvallar og frá bílastæðum norðan Miðgrundar 10. Girðing milli húsa skal tengjast byggingum og vera í amk. 0,5 m fjarlægð frá úthorni.

5.9 Miðgrund 16 ný lóð fyrir Flugskýli

Á lóðinni er heimilt að byggja flugskýli eins og byggingarreitur sýnir á uppdrætti. Stærð lóðar er 1300,5 m² og nýtingarhlutfall 0,6. Byggingarreitur 17 x 46,5 m. Mesta hæð byggingar skal ekki vera meiri en 5,0 m frá gólfi 1. hæðar.

Aðkoma að lóðinni er innan öryggissvæðis flugvallar og frá bílastæðum sunnan Grundarvegjar. Girðing milli húsa skal tengjast byggingum og vera í amk. 0,5 m fjarlægð frá úthorni.

5.10 Miðgrund 1 ný lóð fyrir Flugskýli

Á lóðinni er heimilt að byggja flugskýli eins og byggingarreitur sýnir á uppdrætti. Stærð lóðar er 1290,0 m² og nýtingarhlutfall 0,4. Byggingarreitur 12 x 46,5 m. Mesta hæð byggingar skal ekki vera meiri en 5,0 m frá gólfi 1. hæðar.

Aðkoma að lóðinni er innan öryggissvæðis flugvallar og frá bílastæðum sunnan Grundarvegjar.

5.11 Miðgrund 3 Flugskýli

Á lóðinni er flugskýli, áður Flugsafn stærð 425,6 m², mesta hæð 5,0 m. Gert er ráð fyrir að á lóðinni verði áfram flugskýli. Með nýju deiliskipulagi minnkar stærð lóðar, var 2072 m² verður 979,6 m² og nýtingarhlutfall 0,43.

5.12 Miðgrund 5 Flugskýli

Á lóðinni er flugskýli stærð 468 m², hæð 4,62 m. Stærð lóðar er 1116 m². Ekki er gert ráð fyrir breytingum í nýju deiliskipulagi.

5.13 Miðgrund 7 Flugskýli

Á lóðinni er flugskýli stærð 468 m², hæð 4,62 m. Stærð lóðar er 1206 m². Ekki er gert ráð fyrir breytingum í nýju deiliskipulagi.

5.14 Miðgrund 9 ný lóð fyrir Flugskýli

Á lóðinni er heimilt að byggja flugskýli eins og byggingarreitur sýnir á uppdrætti. Stærð lóðar er 526,0 m² og nýtingarhlutfall 0,3. Byggingarreitur 10 x 16,2 m. Mesta hæð byggingar skal ekki vera meiri en 5,0 m frá gólfi 1. hæðar.

Aðkoma að lóðinni er innan öryggissvæðis flugvallar og frá bílastæðum sunnan Grundarvegjar.

5.15 Suðurgrund 1 Flugskýli

Á lóðinni stendur bygging sem í eru flugskýli, skrifstofur ofl. alls 1007,7 m², mesta hæð 7,5 m. Stærð lóðar er 2290,4 m². Heimilt er að byggja við flugskýli eins og byggingarreitur sýnir á uppdrætti. Stærð byggingarreits er 161,7 m². Nýtingarhlutfall 0,51. Viðbyggingin skal taka mið af núverandi byggingu hvað varðar form og umfang. Mesta hæð viðbyggingar má ekki vera meiri en hámarkshæð núverandi byggingar. Girðing milli húsa skal tengjast byggingum og vera í amk. 0,5 m fjarlægð frá úthorni.

5.16 Suðurgrund 3 Flugsafn

Á lóðinni stendur bygging sem í er Flugsafn stærð 2235 m², mesta hæð 9,5 m. Stærð lóðar er 7.132 m². Heimilt er að byggja við Flugsafn eins og byggingarreitur sýnir á uppdrætti. Byggingarreitur 46 x 100 m, nýtingarhlutfall 0,8. Mesta hæð

byggingar má ekki vera meiri en hámarkshæð núverandi byggingar. Hún má ekki skaga upp úr skáfleti sem rís með halla 1:7 frá jaðri öryggissvæðis flugbrautar.

Á norðurgafli Flugsafns er 176,5 m² byggingarreitur fyrir mögulega tengingu á hluta flugvélastakroks við flugsafnið.

Gert er ráð fyrir að athafnasvæði fyrir flugvélar tengdar flugsafni verði innan lóðar og að það tengist flughlaði um hlið á austurmörkum lóðar. Aðkoma og bílastæði fyrir starfsmenn og gesti er vestan lóðar. Kvöð er um að hluti bílastæða sé innan lóðar flugsafnsins eins og teikning sýnir. Kvöð er um að austurmörk lóðar séu lokuð með byggingum eða girðingu vegna öryggis flugumferðar. Girðing milli húsa skal tengjast byggingum og vera í amk. 0,5 m fjarlægð frá úthorni.

5.17 Suðurgrund 5 Flugskýli

Syðst á svæðinu sunnan við Flugsafn er afmörkuð lóð fyrir flugskýli með einum byggingarreit. Gert er ráð fyrir að reisa megi fleiri aðskildar byggingar á lóðinni. Byggingar skulu vera innan byggingarreits.

Stærð lóðar er 7.230 m² og nýtingarhlutfall 0,8. Byggingarreitur 46 x 100 m, Mesta hæð bygginga skal ekki vera meiri en 9,5 m frá gólfi 1. hæðar. Byggingar mega ekki skaga upp úr skáfleti sem rís með halla 1:7 frá jaðri öryggissvæðis flugbrautar. Kvöð er um að austurmörk lóðar séu lokuð með byggingum eða girðingu vegna öryggis flugumferðar. Girðing milli húsa skal tengjast byggingum og vera í amk. 0,5 m fjarlægð frá úthorni.

5.18 Norðurgrund 2 Bensín- og olíugeymslur

Vestan flugstöðvarbyggingar er lóð fyrir bensín- og olíutanka. Stærð 2440 m².

Akstursleið er teiknuð inn á deiliskipulag flugvallar þannig að olíubílar eigi greiða leið upp að olíutönkum til að athafna sig við dælingu. Lóðin er innan girðingar athafnasvæðis flugumferðar og læst hlið fyrir inn- og útakstur.

Við undirbúning lóðar og niðursetningu tanka skal í einu og öllu fylgja kröfum heilbrigðiseftirlits og þeim reglugerðum sem um slíka starfsemi gilda.

5.19 Norðurgrund 4 lóð fyrir stórt Flugskýli

Á lóðinni er heimilt að byggja flugskýli eins og byggingarreitur sýnir á uppdrætti. Stærð lóðar er 3902,1 m² og nýtingarhlutfall 0,51. Byggingarreitur er 40 x 50 m. Bygging má ekki skaga upp úr skáfleti sem rís með halla 1:7 frá jaðri öryggissvæðis flugbrautar. Mesta hæð byggingar við vesturmörk byggingarreits skal ekki vera meiri en 15,7 m frá hæð á jaðri öryggissvæðis flugbrautar.

Girðing milli húsa skal tengjast byggingum og vera í amk. 0,5 m fjarlægð frá úthorni. Aðkoma fyrir flugvélar að flugskýlum er frá flughlaði.

5.20 Norðurgrund 6 lóð fyrir stórt Flugskýli

Á lóðinni er heimilt að byggja flugskýli eins og byggingarreitur sýnir á uppdrætti. Stærð lóðar er 4600,0 m² og nýtingarhlutfall 0,49. Byggingarreitur er 45 x 50 m. Bygging má ekki skaga upp úr skáfleti sem rís með halla 1:7 frá jaðri öryggissvæðis flugbrautar. Mesta hæð byggingar við vesturmörk byggingarreits skal ekki vera meiri en 15,7 m frá hæð á jaðri öryggissvæðis flugbrautar.

Girðing milli húsa skal tengjast byggingum og vera í amk. 0,5 m fjarlægð frá úthorni. Aðkoma fyrir flugvélar að flugskýlum er frá flughlaði.

5.21 Norðurgrund 8 lóð fyrir stórt Flugskýli

Á lóðinni er heimilt að byggja flugskýli eins og byggingarreitur sýnir á uppdrætti. Stærð lóðar er 4230,0 m² og nýtingarhlutfall 0,47. Byggingarreitur er 40 x 50 m. Bygging má ekki skaga upp úr skáfleti sem rís með halla 1:7 frá jaðri öryggissvæðis flugbrautar. Mesta hæð byggingar við vesturmörk byggingarreits skal ekki vera meiri en 15,7 m frá hæð á jaðri öryggissvæðis flugbrautar.

Girðing milli húsa skal tengjast byggingum og vera í amk. 0,5 m fjarlægð frá úthorni. Aðkoma fyrir flugvélar að flugskýlum er frá flughlaði.

5.22 Norðurgrund 10 lóð fyrir Olúskiljur

Nyrst við Norðurgrund er lóð fyrir olúskiljur. Olúskiljum er ætlað að taka við hugsanlegri olíu eða bensíni sem kann að falla til vegna stöðu flugvéla á flughlaði. Niðurfallsrenna er á flughlaði sem ætlað er að taka við þessum spilliefnum þaðan sem þeim er dælt í olúskiljur. Olúskiljur eru þaktar jarðvegi og einungis sýnilegar sem hóll í landslaginu. Land kringum olúskiljur verður í u.þ.b. 2m hæð yfir meðalsjárhæð. Jarðvegshóll yfir olúskiljum má vera allt að 4m yfir meðalsjárhæð.

Við undirbúning lóðar og niðursetningu á skiljum skal í öllu fylgja kröfum heilbrigðiseftirlits og þeim reglugerðum sem um slíka starfsemi gilda.

5.23 Rotpró

Fráveitukerfum á suðurhluta flugvallarsvæðis er eins og staðan er í dag veitt í rotpró. Staðsetning á rotpró er sýnd á uppdrætti.

Gerð rotpróar og frárennslislagna skal vera í samræmi við heilbrigðisreglugerð og er háð samþykki Heilbrigðiseftirlits norðurlands eystra. Gert er ráð fyrir að síðar geti þessi fráveitukerfi tengst Hreinsistöð sem staðsett er vestan flughlaðs og önnur fráveita flugvallarsvæðis rennur í.

Yfirborðsvatn rennur í öðru kerfi til sjávar.

5.24 Hreinsistöð

Fráveitu frá flugstöð og nýjum lóðum fyrir stór flugskýli vestan flughlaðs er veitt í Hreinsistöð. Staðsetning á Hreinsistöð er sýnd á uppdrætti.

Gerð Hreinsistöðvar og frárennslis skal vera í samræmi við heilbrigðisreglugerð og er háð samþykki Heilbrigðiseftirlits norðurlands eystra.

Yfirborðsvatn rennur í öðru kerfi til sjávar.

5.25 Aðflugsvitar og radarhús

Tveir aðflugsvitar eru við flugvöllinn. Annar er á lítilli landfyllingu sunnan við Leiruveg. Hinn er nær suðurenda flugbrautar austan hennar. Heimilt er að reisa litlar byggingar undir stjórntæki við aðflugsvitana. Austan við miðja flugbraut er einnig lítil bygging sem er radarhús.

5.26 Hitaveita, vatn og rafmagn

Norðurorka hefur sett reglur varðandi vatn og rafmagn og skal farið eftir þeim varðandi byggingar á deiliskipulagssvæðinu.

5.27 Sorpgeymslur og sorpgámar

Sorpgámar eru á svæðinu hér og hvar og annast rekstraraðilar rekstur þeirra.

5.28 Breytingar

Gildandi Nýtt deiliskipulag var samþykkt í bæjarstjórn 6. september 2005 og fellur úr gildi með samþykki þessa deiliskipulags.

Á því hafa síðan verið gerðar breytingartillögur sem hlotið hafa samþykki.

Lóð flugskýlis skipt í tvær lóðir samþykkt í bæjarstjórn 04.09. 2007.

Lóðir flugskýla stækkaðar samþykkt í bæjarstjórn 31.07. 2008.

Lenging flugbrautar ofl. Auglýst í B-deild 21.02. 2011.

Eyjafjarðarbraut 3a flugskýli 10. Auglýst í B-deild 01.08. 2014.

Breytt lega girðingar. Auglýst í B-deild 21.01. 2019.

Lega Hólasandslínu 3. Auglýst í B-deild 19.02. 2020.

Lóð 7. Auglýst í B-deild 13.12. 2021.

Með samþykki þessa deiliskipulags falla ofangreindar breytingar úr gildi þar sem þær hafa verið uppfærðar á uppdrætti.

Breytingar sem gerðar eru samhliða heildarendurskoðun á deiliskipulaginu.

Færsla girðingar vestan og sunnan flugbrautar:

Jarðvegur þar sem girðing liggur um vestan öryggissvæðis flubrautar og austur með að sunnan er mjög gljúpur og ekki vel fallinn til þess að vera undirstaða fyrir girðingu. Svæðið tilheyrir flæðilöndum óshólmasvæðis Eyjafjarðarár. Girðing er færð upp á vegaxlir göngustígs meðfram þjóðvegi og reiðleiðar/gönguleiðar sunnan flugbrautar.

Nýjar lóðir fyrir lítill flugskýli:

Norðan aðkomuvegar að flugskýlum og Flugsafni, Grundarvegur, er samkvæmt gildandi deiliskipulagi svæði fyrir bílastæði. Í stað bílastæða koma 3 nýjar lóðir fyrir lítill flugskýli svipuð þeim sem fyrir eru.

Breyting á bílastæðum:

Sunnan aðkomuvegar að flugskýlum og Flugsafni, Grundarvegur, koma ný bílastæði í stað þeirra sem tekin voru hinum megin vegarins.

Breyttar lóðastærðir:

Lóðir Miðgrund 3 og Miðgrund 9 eru minnkaðar frá því sem áður var til þess að rýmka til fyrir akbraut lítilla flugvéla að nýjum lóðum.

Flugstöð:

Breyting er gerð á byggingarreitum við flugstöðvarbyggingu. Byggingarreitur sunnan við er stækkaður með tækjageymslu í huga og byggingarreitur að vestan er lengdur með þarfir til framtíðar í huga.

Breyting á bílastæðum og gangbrautum á aðkomusvæði að Flugstöð:

Bílastæðum fækkar vegna lengingar á byggingarreit flugstöðvar en fjölgar norðan flugskýlis á lóð Miðgrund 10. Gangbraut sem áður lá beint frá bílastæðum á miðjuhring við flugstöð yfir sýki að Eyjafjarðarbraut er færð og látin liggja meðfram nýrri flugstöðvarbyggingu yfir sýki og að gangbraut meðfram Eyjafjarðarbraut.

Lóð fyrir bensín og olíugeymslur:

Lóð fyrir bensín og olíugeymslur er stækkuð og gerð akbraut fyrir hringakstur olíubíls innan lóðar. Girðing og hlið fylgja breytingum.

Nýjar lóðir fyrir stór flugskýli:

Á svæði vestan flughlaðs er samkvæmt gildandi deiliskpulasi 14.000 m² stór lóð fyrir vöruskemmur. Þessari lóð er breytt í 3 nýjar lóðir fyrir stór flugskýli fyrir flugtengda starfsemi ótengdra aðila á flugvallarsvæðinu.

Fella burt lóð fyrir slökkvistöð:

Lóð fyrir slökkvistöð er á gildandi deiliskipulagi hugsuð sem sameiginleg lóð fyrir Akureyrarbæ og Akureyrarflugvöll. Á þeim tíma var verið að horfa til tengingar um Miðhúsabraut við fyrirhugað byggingarland til suðurs ásamt góðri tengingu við flugbrautina. Miðað við núverandi þarfir Isavia um rekstur flugvallar er ekki þörf fyrir nýja slökkvistöð á þessum stað. Húsnæði flugvallarslökkviliðs í dag er vel fullnægjandi.

Uppdráttur:

- Yfirlitsuppdráttur er í mælikvarða 1:5000 í stað 1:10000.
- Mynd er tekin út af lóð fyrir slökkvistöð í mælikvarða 1:2000.
- Mynd er færð til af athafnasvæði í mælikvarða 1:2000.
- Klippa úr aðalskipulagi og skýringartexti uppfærð.
- Línupykktir, línugerð og línulitir í skýringum tákna breytast.
- Nýjir ramar með nýjum táknum bætast við í skýringar tákna.
- Breytingar á götunöfnum og húsnúmerum lóða á teikningu.
- Upplýsingar um kortagrunn, mælikvarða og dagsetningu á uppdrætti.

6. Önnur ákvæði

6.1 Mæliblað

Mæliblöð sýna nákvæmar stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti, fjölda bílastæða og kvaðir ef einhverjar eru. Þau sýna einnig gólfkóta bygginga og hæðir lóða við lóðamörk. Á mæliblöðum er einnig sýnd lega vatns- og frárennslislagna og inntakshliðar fyrir rafmagn og heitt og kalt vatn. Þar sem misræmis gætir milli deiliskipulags og mæliblaðs gildir mæliblað.

6.2 Teikningar

Mannvirki sem fyrirhugað er að reisa innan lóðamarka flugvallarsvæðisins skulu hlíta samþykkis byggingaryfirvalda á Akureyri.

Á aðaluppdráttum skal auk bygginga sýna öll fyrirhuguð mannvirki á lóðinni svo sem bílastæði, gangstéttir, stoðveggi, girðingar, skjólveggi og sorpgeymslur.

7. Málsmeðferð deiliskipulags

7.1 Samráð við gerð deiliskipulags

Við gerð deiliskipulags skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Það skal gert með virku samráði gegnum allt skipulagsferlið.

Samráð hefur verið haft við umsagnaraðila:

- Skipulagsstofnun
- Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar
- Vegagerðin
- Norðurorka
- Viðeigandi nefndir og ráð Akureyrarbæjar

7.2 Auglýsing og samþykkt deiliskipulags

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

frá _____ til _____

var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann _____

Bæjarstjóri

Gildistaka auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____